

**Fundargerð 15. fundar  
Bæjarstjórnar  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
5. júní 2019 , kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.**

**1. Ársreikningur 2018 - 1903077**

Síðari umræða.

Fyrir liggur ársreikningur 2018 til síðari umræðu, ásamt endurskoðendaskýrslu Deloitte.

*Til máls tóku: EJP, MS og DB*

*Afgreiðsla:*

*Rekstrarniðurstaða A-hluta er afgangur að fjárhæð 57 milljónir króna. Áætlun gerði ráð fyrir 43,7 milljónum króna í rekstrarafgang. Rekstrarniðurstaða í samanteknum reikningsskilum A og B hluta, er 53,2 milljónir króna í afgang en áætlun gerði ráð fyrir 53,6 milljónum króna í rekstrarafgang.*

*Heildareignir í samanteknum reikningsskilum A og B hluta eru 8.042 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar eru 4.243 milljónir króna. Lífeyrisskuldbinding hækkar frá árinu 2017 og er 942 milljónir króna. Langtímaskuldir við fjármálastofnanir eru 2.611 milljónir króna og eru næsta árs afborganir langtímalána 168,8 milljón króna. Eigið fé í samanteknum reikningsskilum er 3.798 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall 47,3%.*

*Skuldaviðmið A- og B-hluta skv. 14. gr. reglugerðar 502/2012 er 66,63%.*

*Rekstur í samanteknum reikningsskilum A og B hluta skilaði 414 milljónum króna í veltufé frá rekstri sem er 11,1% af heildartekjum en áætlun gerði ráð fyrir veltufé frá rekstri að fjárhæð 428,2 milljónum króna.*

*Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum í samanteknum reikningsskilum A og B hluta nam 217,5 milljónum króna á árinu 2018.*

*Á árinu voru engin ný lán tekin en afborganir langtímalána voru 93,2 milljón króna. Afborganir lífeyrisskuldbindinga voru 183,8 milljónir króna en í áætlun ársins var gert ráð fyrir 6 milljónum króna. Frávik eru vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð.*

*Handbært fé lækkaði um 15,1 milljónir króna en áætlun gerði ráð fyrir lækkun að fjárhæð 100,8 milljónum króna. Handbært fé í árslok 2018 var 746,8 milljónir króna.*

### *Bókun bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar vegna ársreiknings 2018*

*Suðurnesjabær varð til við sameiningu sveitarfélaganna Garðs og Sandgerðisbæjar og tók til starfa þann 10. júní 2018 og fagnar því eins árs afmæli eftir nokkra daga. Ársreikningur ársins 2018 er því fyrsti ársreikningur Suðurnesjabæjar.*

*Niðurstöður ársreikningsins er í góðu samræmi við fjárhagsáætlun ársins, sem samanstendur af fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna sem sameinuðust í Suðurnesjabæ. Bæjarstjórn lýsir ánægju með þá niðurstöðu og þakkar öllum stjórnendum sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag við góðan rekstur. Sterk efnahagsleg staða sveitarfélagsins birtist m.a. í því að skuldaviðmið samkvæmt nýjum viðmiðunarreglum í árslok 2018 er 66,6%. Bæjarstjórn lýsir ánægju með þessa niðurstöðu en samkvæmt fjármálareglum sveitarstjórnarlaga má skuldaviðmið ekki vera yfir 150%.*

*Á árinu 2018 var unnið að því verkefni að móta nýtt sveitarfélag og því verkefni er hvergi nærri lokið. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur lagt af mörkum mikla vinnu við þetta verkefni og fyrir það þakkar bæjarstjórn. Jafnframt hafa fjölmargir aðrir aðilar komið að þeirri vinnu og það er mat bæjarstjórnar að vel hafi tekist til við að leysa úr fjölmörgum og ólíkum verkefnum í tengslum við mótun á nýju sveitarfélagi.*

*Framundan eru spennandi tímar með miklum áskorunum hjá Suðurnesjabæ. Það er markmið bæjarstjórnar að Suðurnesjabær veiti íbúum sínum sem besta þjónustu, þannig að búsetuskilyrði í Suðurnesjabæ séu áfram eins og best verði á kosið. Ársreikningur ársins 2018 felur í sér sterka efnahagslega stöðu Suðurnesjabæjar og á því mun bæjarstjórn byggja til framtíðar.*

*Ársreikningur Suðurnesjabæjar 2018 samþykktur samhljóða og áritaður af bæjarstjórn.*

## **2. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025**

- a) viðauki 6.
- b) viðauki 7.
- c) viðauki 8.

*Til máls tóku: EJP og MSM*

*Afgreiðsla:*

*Viðauki 6 samþykktur samhljóða.*

*Viðauki 7 samþykktur með sjö atkvæðum. Fulltrúar H-lista sitja hjá.*

*Viðauki 8 samþykktur samhljóða.*

## **3. Bæjarráð - kosning í bæjarráð 2019 - 1905088**

*Kosning fulltrúa í bæjarráð til eins árs, sbr. 26. gr. Samþykktu um stjórn Suðurnesjabæjar.*

*Til máls tóku: EJP og MSM*

*Afgreiðsla:*

*Öll framboð lögðu fram lista og er eftirfarandi tillaga um kjör í bæjarráð til eins árs lögð fram:*

*Aðalmenn:*

*Ólafur Þór Ólafsson (J)*  
*Hólmfríður Skarphéðinsdóttir (D)*  
*Magnús S Magnússon (H)*  
Varamenn:  
*Laufey Erlendsdóttir (J)*  
*Einar Jón Pálsson (D)*  
*Pálmi S Guðmundsson (H)*

*B-listinn tilnefnir Daða Bergþórsson sem áheyrnarfulltrúa í bæjarráði og Álfhildi Sigurjónsdóttir sem varaáheyrnarfulltrúa.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Í samræmi við 3. mgr. 47. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011 munu varamenn á listanum sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taka sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna.*

*Tillaga D- og J-lista um að Ólafur Þór Ólafsson verði formaður bæjarráðs og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir varaformaður var samþykkt með fulltrúum D- og J- lista, fulltrúar H-lista og B- lista sitja hjá.*

#### **4. Sumarleyfi bæjarstjórnar 2019 - 1905089**

Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar.

Með tilvísun í 4. mgr. 8. gr. samþykkar um stjórn Suðurnesjabæjar, samþykkir bæjarstjórn að veita bæjarráði heimild til fullnaðarafgreiðslu mála meðan sumarleyfi bæjarstjórnar stendur yfir, frá 6. júní 2019 til 4. september 2019. Næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verður miðvikudaginn 4. september 2019.

*Afgreiðsla:*  
*Samþykkt samhljóða.*

#### **5. Bæjarstjórn og bæjarráð fundaáætlun 2019-2020 - 1905092**

Fundaáætlun bæjarráðs júní - september 2019.

*Til máls tóku: EJP og ÓÞÓ.*

*Afgreiðsla:*  
*Tillaga um fundaáætlun samþykkt samhljóða.*

#### **6. Ósk um tímabundið leyfi - 1905084**

Erindi dags. 28.05.2019 frá Vitor Hugo Eugenio, ósk um tímabundið leyfi sem varabæjarfulltrúi til september 2020.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða með tilvísun í 22. gr. samþykktar um stjórn Suðurnesjabæjar að veita Vitor Hugo Eugenio tímabundið leyfi sem varabæjarfulltrúi til september 2020.*

#### **7. Fastanefndir: kosning - 1806759**

*Til máls tók: EJP*

*Afgreiðsla:*

*Breyting á nefndum, sbr. 44. gr. samþykkt um stjórn Suðurnesjabæjar.*

*Breyting á fulltrúa J-lista Ferða-, safna- og menningarráði:*

*Vitor Hugo Eugenio víkur úr ráðinu.*

*Fanný Þórsdóttir tekur sæti sem aðalmaður.*

*Ása Ingibjörg Sigurbjörnsdóttir tekur sæti sem varamaður í ráðinu.*

*Breyting á fulltrúa J-lista Íþróttá- og tómstundaráði:*

*Vitor Hugo Eugenio víkur úr ráðinu.*

*Heiðrún Tara Stefánsdóttir tekur sæti sem aðalmaður.*

*Björn Vilhelmsson tekur sæti sem varamaður í ráðinu.*

*Breyting á fulltrúa H-lista í Fjölskyldu- og velferðarráði*

*Andrea Dögg Færseth víkur úr ráðinu*

*Þórsteina Sigurjónsdóttir tekur sæti sem aðalmaður.*

*Svavar Grétarsson tekur sæti sem varamaður í ráðinu.*

*Breyting á fulltrúa í Bílastæðasjóð*

*Elín Björg Gissurardóttir víkur úr sjóðnum.*

*Einar Jón Pálsson tekur sæti sem aðalmaður og formaður sjóðsins.*

*Breytingarnar samþykktar með átta atkvæðum. Fulltrúi B- lista situr hjá.*

#### **8. Gerðaskóli - húsnæðismál - 1809079**

Á 24. fundi bæjarráðs var samþykkt að unnið verði að húsnæðismálum skólans í samræmi við tillögur stýrihóps, meðal annars um lausnir varðandi kennsluáðstöðu næsta skólaár. Nánari útfærslur um breytingar innan skólans verði unnar af stýrihópnum.

*Til máls tóku: EJP, PSG og ÓPÓ*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

#### **9. Langtíma búsetuúrræði fyrir ungmenni - 1810093**

Á 24. fundi bæjarráðs var erindi um málið samþykkt og bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun vegna málsins.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

#### **10. Innheimta: Innheimtubjónusta fyrir nýtt sveitarfélag - 1807086**

Á 24. fundi bæjarráðs var samþykkt tillaga sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs um samning við Motus um innheimtubjónustu.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

#### **11. Bjarg Húsnæði stofnframlag - 1806474**

Á 24. fundi bæjarráðs var fjallað um stofnframlag sveitarfélagsins vegna byggingar 11 íbúða á vegum Bjargs íbúðafélags í Suðurnesjabæ. Bæjarráð samþykkti að

Suðurnesjabær leggi til stofnframlag samkvæmt upplýsingum sem lágu fyrir. Jafnframt að gert verði ráð fyrir að tvær íbúðir verði til ráðstöfunar fyrir sveitarfélagið sem félagslegt leiguhúsnæði.

*Til máls tóku: EJP, DB, PSG, MSM, ÓPÓ, HS og MS.*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

## **12. Inntökureglur leikskóla - Suðurnesjabær - 1904037**

Á 24. fundi bæjarráðs var fjallað um drög að inntökureglum fyrir leikskóla í Suðurnesjabæ, sem afgreidd voru á 8. Fundi Fræðsluráðs. Bæjarráð tók málið til umfjöllunar og vísaði því til afgreiðslu í bæjarstjórn.

*Til máls tóku: EJP, HS, FS, MS og DB.*

*Afgreiðsla:*

*Innritunarreglur leikskóla samþykktar samhljóða.*

## **13. Bæjarráð - 23 - 1905002F**

Fundur dags. 15.05.2019.

*Til máls tóku: PSG, EJP, MS, HH og ÓPÓ*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

13.1 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar

*Afgreiðsla:*

Viðauki samþykktur og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

13.2 1809097 - Göngustígur milli Garðs og Sandgerðis

*Afgreiðsla:*

Lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

13.3 1904041 - Vargveiði í Suðurnesjabæ

*Afgreiðsla:*

Samþykkt að ráða Pál Þórðarson til veiða á svæðinu frá Djúpavogi að Garðskaga og Eyjólf Magnússon á svæðinu frá Garðskaga að Helguvík með tilvísun í reglur um refa- og minnkaveiði í sveitarfélaginu.

13.4 1901049 - Styrkir almennt - 2019

*Afgreiðsla:*

Samþykkt að veita Ægi Má styrk að fjárhæð kr. 50.000 vegna þátttöku hans á norðurlandamóti í judo í Finnlandi. Bæjarráð óskar Ægi Má velfarnaðar í mótinu.

13.5 1905032 - Garðsláttur fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ellilífeyrisþegum og öryrkjum standi til boða garðsláttur einkalóða á tímabilinu júní og júlí samkvæmt tillögu í minnisblaði. Gjald fyrir hvern slátt verði kr. 1.500.

13.6 1903029 - Trúnaðarlæknir

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir tillögu sviðsstjóra um trúnaðarlækni sem kemur fram í minnisblaðinu og að samið verði við Heilsuvernd ehf um þjónustu.

13.7 1904060 - Fasteignafélagið Sunnubraut 4

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

13.8 1905022 - Lagardére travel retail ehf - umsókn um rekstrarleyfi veitingastaðar í flokki III

Afgreiðsla:

Bæjarráð gerir ekki athugasemd um að umbeðið leyfi verði veitt.

13.9 1810122 - Guðmundur Magnússon - ósk um vinnuaðstöðu

Afgreiðsla:

Bæjarráð telur að tiltekið húsnæði sem sótt er eftir komi ekki til greina og hafnar því erindinu.

13.10 1810056 - Guðni á truknum heimildamynd

Afgreiðsla:

Bæjarráð telur ekki rétt að veita frekari styrki til verkefnisins en þegar er búið að samþykkja.

13.11 1905020 - Hollvinafélag Unu Guðmundsdóttur

Afgreiðsla:

Bæjarráð þakkar fyrir erindið sem er til kynningar á starfsemi félagsins. Formanni bæjarráðs og bæjarstjóra falið að eiga viðræður við félagið um samstarfssamning.

13.12 1905021 - Norræna félagið í Suðurnesjabæ

Afgreiðsla:

Bæjarráð þakkar fyrir erindið sem er til kynningar á starfsemi félagsins. Formanni bæjarráðs og bæjarstjóra falið að eiga viðræður við félagið um samstarfssamning.

13.13 1901053 - Öldungaráð Suðurnesja-fundargerðir 2019

Afgreiðsla:

Lagt fram.

**14. Bæjarráð - 24 - 1905008F**

Fundur dags. 29.05.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

14.1 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar

Afgreiðsla:

Viðauki 8 samþykktur samhljóða.

Viðauki 7 samþykktur með atkvæðum J- og D- lista. Fulltrúi H-lista situr hjá.

14.2 1809079 - Gerðaskóli - húsnæðismál

Afgreiðsla:

Samþykkt að unnið verði að húsnæðismálum skólans í samræmi við tillögur stýrihópsins meðal annars um lausnir varðandi kennsluaðstöðu næsta skólaár. Nánari útfærslur um breytingar innan skólans verði unnar af stýrihópnum.

14.3 1810093 - Langtíma búsetuúrræði fyrir ungmenni

Afgreiðsla:

Erindið samþykkt og bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun vegna málsins.

14.4 1806379 - Þróun lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir drögin og bæjarstjóra falið að undirrita yfirlýsinguna.

14.5 1902033 - Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda

Afgreiðsla:

Erindið samþykkt með tilvísun í reglur um styrki til félagasamtaka til greiðslu fasteignagjalda.

14.6 1902004 - Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin

Afgreiðsla:

Samþykkt að Suðurnesjabær taki þátt í samstarfsvettvangnum. Laufey Erlendsdóttir og Bergný Jóna Sævarsdóttir tilnefndar sem tengiliðir um verkefnið.

14.7 1902040 - Suðurnes-samstarf um heimsmarkmið SP

Afgreiðsla:

Samþykkt að sveitarfélagið taki þátt í verkefninu. Samþykkt að taka þátt í kostnaðarskiptingu við verkefnið, sbr. áætlun.

14.8 1806442 - Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpa staða á

sameiningarhugmyndum

Afgreiðsla:

Lagt fram.

14.9 1905072 - Garðskagi ehf - fundarboð aðalfundar 2019

Afgreiðsla:

Samþykkt að bæjarstjóri fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

14.10 1806800 - Innkaupareglur

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela bæjarstjóra, ásamt sviðsstjórum og fjármálastjóra að vinna áfram að málinu samkvæmt tillögum í minnisblaðinu.

14.11 1807086 - Innheimta: Innheimtubjónusta fyrir nýtt sveitarfélag

Afgreiðsla:

Tillaga sviðsstjóra um samning við Motus samþykkt.

14.12 1806474 - Bjarg Húsnæði stofnframlag

Afgreiðsla:

Samþykkt að Suðurnesjabær leggi til stofnframlag samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum. Jafnframt að gert verði ráð fyrir að tvær íbúðir verði til ráðstöfunar fyrir sveitarfélagið sem félagslegt leiguhúsnæði.

14.13 1904037 - Inntökureglur leikskóla - Suðurnesjabær

Afgreiðsla:

Málið tekið til umfjöllunar og vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

14.14 1905076 - Kef Apartments - umsókn um rekstarleyfi gististaða í flokki II

Afgreiðsla:

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að umbeðið leyfi verði veitt.

## **15. Framkvæmda- og skipulagsráð - 11 - 1905006F**

Fundur dags. 21.05.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

15.1 1905029 - Skagabraut 15 - ósk um stækkun lóðar

Ráðið tekur jákvætt í erindið. Skipulagsfulltrúa falið að gera tillögu að nýju mælibleði lóðar.

15.2 1905028 - Brimklöpp 9 - umsókn um lóð

Samþykkt.

15.3 1905026 - Nátthagi 12 - umsókn um byggingarleyfi

Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða byggingarleyfi vegna



Nátthaga 12.

- 15.4 1905047 - Nátthagi 22 - umsókn um lóð  
Samþykkt.
- 15.5 1905048 - Nátthagi 20 og 21-Umsókn um lóðir  
Samþykkt að úthluta umsækjanda lóðunum nr. 20 og 21.
- 15.6 1905024 - Nátthagi 19 - umsókn um lóð  
Samþykkt.
- 15.7 1905049 - Iðngarðar 23 - umsókn um lóð  
Samþykkt.
- 15.8 1905050 - Hólshús - flytja tank á lóð og breyta í hesthús  
Máli frestað. Byggingarfulltrúa falið að afla frekari gagna.
- 15.9 1812040 - Viðurkenningar  
Lagt fram til umræðu og kynningar. Verkefnastjóra umhverfismála falið að móta tillögur með hliðsjón af umræðum á fundinum.

#### **16. Fræðsluráð - 8 - 1905009F**

Fundur dags. 28.05.2019.

*Til máls tók: EJP*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

*Varðandi mál númer fimm í fundargerð: Reglur um stuðning við leiðbeinendur í grunnskólum Suðurnesjabæjar sem fara í réttindanám samþykktar samhljóða.*

- 16.1 1809066 - Skólastjóri Gerðaskóla  
Fræðsluráð þakkar Evu Björk fyrir hennar yfirlit yfir starf Gerðaskóla.
- 16.2 1809086 - Skólastjóri Grunnskólans í Sandgerði  
Fræðsluráð þakkar Hólmfríði fyrir hennar yfirlit yfir starf Sandgerðisskóla.
- 16.3 1904035 - Sandgerðisskóli - Skólapúls - Starfsmannaviðtöl 2019  
Fræðsluráð þakkar Hólmfríði fyrir hennar framalag.
- 16.4 1904036 - Sandgerðisskóli - Seinkun skóladags hjá 10. bekk  
Fræðsluráð samþykkir tillögu skólastjóra Sandgerðisskóla um seinkun skóladags 8.-10. bekkjar.
- 16.5 1905056 - Reglur um stuðning við leiðbeinendur í grunnskólum Suðurnesjabæjar sem fara í réttindanám  
Fræðsluráð samþykkir tillögur að reglum um stuðning við leiðbeinendur í grunnskólum Suðurnesjabæjar sem fara í réttindanám.  
Tillögu fræðsluráð er vísað til bæjarráðs Suðurnesjabæjar.
- 16.6 1905057 - Ráðning deildarstjóra fræðsluþjónustu 2019  
Til upplýsingar.

Fræðsluráð þakkar Guðrúnu fyrir hennar framlag.

- 16.7 1806408 - Þjónustusamningur: fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar  
Fræðsluráð mælir með samningnum.
- 16.8 1904037 - Inntökureglur leikskóla - Suðurnesjabær  
Fræðsluráð samþykkir drög um inntökureglur í leikskóla Suðurnesjabæjar.  
Reglum er vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.
- 16.9 1902039 - Trúnaðarmál.  
Lagt fram til kynningar.  
Sviðsstjóra og fræðslufulltrúa falið að vinna málið áfram.
- 16.10 1905033 - Aðgerðir stjórnvalda í menntamálum- útfærsla starfsnámsárs og  
námsstyrkir  
Lagt fram til kynningar.

### **17. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2019 - 1901110**

9. fundur dags. 16.05.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

### **18. Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerðir 2019 - 1901109**

871. fundur stjórnar dags. 29.05.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

### **19. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2019 - 1902057**

744. fundur stjórnar dags. 22.05.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

### **20. Þekkingarsetur Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1902094**

a) 30. fundur stjórnar dags. 02.05.2019.

b) 7. ársfundur dags. 02.05.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðir lagðar fram.*

### **21. Aðalfundur Kölku sorpeyðingarstöðvar 2019 - 1904070**

Fundargerð aðalfundar dags. 09.05.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

### **22. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1901063**

503. fundur stjórnar dags. 15.05.2019.

15. fundur Bæjarstjórnar  
06.06.2019

*Til máls tóku: PSG, EJP, HH, ÓPÓ, LE og MS.*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

**23. Heklan fundargerðir 2019 - 1902058**

72. fundur stjórnar dags. 24.05.2019.

*Til máls tók: EJP*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

Fundi slitið kl. 19:55.

---

Einar Jón Pálsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Haraldur Helgason

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Fríða Stefánsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Pálmi Steinar Guðmundsson

---

Daði Bergþórsson

---

Magnús Stefánsson

---